

Minnisblað

| | |
|--------------|---|
| Dags.: | 21. október 2024 |
| Efni: | Ytri-Skógar |
| Viðtakendur: | Eigendur Ytri-Skóga |
| Sendandi: | Jóhannes Gissurarson, oddviti Skaftárhrepps |

Með minnisblaði þessu vill sendandi skýra aðeins frá þeirri tillögu sem lögð er til vegna Ytri-Skóga, eftir samráð við lögmann Skaftárhrepps.

Eigendur jarðarinnar eru:

- Héraðsnefnd Rangæginga 50%,
- Mýrdalshreppur 26,30%
- Skaftárhreppur 23,70%

Lagt er til að stofnað verði einkahlutafélag (ehf) þar sem núverandi eigendur haldi núverandi eignarhlutum sínum í hlutafélaginu. Hlutafé verða innlagðar eignir á fasteignamati. Kvöð verður á sölu hlutafjár í samþykktum félagsins.

Með því að stofna einkahlutafélag er allur rekstur og ákvörðunartaka einfölduð. Allar tekjur sem af jörðinni koma nema þær sem eru skilgreindar í samkomulagi sem gert var við Rangárþing eystra á sínum tíma munu renna í gegnum félagið.

Óskað er eftir að Jóni Jónssyni, lögmanni verði falið að setja upp drög af samþykktum og önnur þau gögn sem þarf til til að stofna einkahlutafélag.

Hér að neðan eru þau gögn sem lögð eru til grundvallar stofnunar hlutafélagsins.

1. Afsal, gert 30. september 1944 (fylgiskjal 1)

- Í afsalinu afsala þáverandi eigendur Ytri-Skóga, Guðbjörg Sverrisdóttir, Óskar Bergsson, Guðleif Bárðardóttir og Ísleifur Oddsson, eignarhluta sínum í jörðinni til Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.

2. Deiliskipulag (fylgiskjal 2)

- Hér fylgir deiliskipulag og þær breytingar sem gerðar hafa verið á því til dagsins í dag.
- Rétt er að taka fram að ekki er neitt samkomulag við eigendur Ytri-Skóga vegna framkvæmda við bifreiðastæði.

3. Staðfesting landsskipta (fylgiskjal 3)

- Hér þinglýst skjal frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, dagsett 23. október 2020, þar sem ráðuneytið staðfestir skiptingu á jörðinni Ytri Skógum.

4. Umboð og samkomulag (fylgiskjal 4)

- Umboðið veitir sveitarfélaginu Rangárþingi eystra umboð til að gefa út lóðaleigusamninga innan þess lands lands Ytri-Skóga sem er deiliskipulagt.
- Samkomulagið tekur á tekjuskiptingu vegna lóðaleigu og fleiri þáttum. Ekki hefur Skaftárhreppur fengið tekjur vegna lóðaleigu lóða á Ytri-Skógum.

5. Leigusamningur (fylgiskjal 5)

- a. Leigusamningur við Skógræktarfélag Rangæinga um 36 ha lands til skógræktar.

6. Samþykkt og arðskrá fyrir veiðifélag Skógár (fylgiskjal 6)

- a. Samþykkt fyrir veiðifélag Skógár er frá árinu 2001 og arðskrá frá 2012.
b. Í arðskrá kemur fram að Ytri-Skógar eigi 28,25 einingar af 100.

7. Lóðir og fleira (fylgiskjal 7)

- a. Landleiga greiðist beint til landeiganda
b. Talsvert er af lóðum sem Rangárþing eystra hefur tekjur af.
c. Sjá lista yfir lóðir hér að neðan:

| Staðfang: | Landnúmer: | Fasteignamat: lóðar: |
|---------------------------|------------|----------------------|
| Ytri-Skógar lóð | 191444 | 3.760.000 |
| Ytri-Skógar lóð | 178457 | 988.000 |
| Grunnskólinn í Skógum | 163731 | 9.230.000 |
| Félagsheimili | 173086 | 2.750.000 |
| Skógafossvegur 7 | 199785 | 6.300.000 |
| Skógafossvegur 6 | 214303 | 5.690.000 |
| Skógafossvegur 4 | 163691 | 10.900.000 |
| Skógafossvegur 3 | 163684 | 6.030.000 |
| Skógafossvegur 2 | 173025 | 5.620.000 |
| Ytri-Skógar lóð 1 | 163734 | 204.000 |
| Ytri-Skógar (bílskúr) | 172408 | 875.000 |
| Ytri-Skógar lóð (bílskúr) | 163685 | 118.000 |
| Ytri-Skógar lóð | 163683 | 6.050.000 |
| Ytri-Skógar Þórhallsh. | 163678 | 5.830.000 |
| Vistarvegur 3 | 230731 | 3.350.000 |
| Vistarvegur 1 | 163675 | 6.870.000 |
| Vistarvegur 12 | 172776 | 577.000 |
| Vistarvegur 6 | 230734 | 3.790.000 |
| Vistarvegur 2 | 230732 | 3.260.000 |
| Skólavegur 1 | 163674 | 9.130.000 |
| Skólavegur 3A, 3B og 3C | 195708 | 13.100.000 |
| Skólavegur 5 | 230736 | 7.150.000 |
| Ytri-Skógar lóð | 163681 | 6.670.000 |
| Ytri-Skógar lóð | 163677 | 6.010.000 |
| Byggðasafn | 163673 | 29.800.000 |
| Ytri-Skógar lóð 2 | 172777 | 2.470.000 |

- d. Lóðaleiga er greidd beint til Rangárþings Eystra frá ábúendum.